

Hrísey, 29.apríl.2010

Kæru Alþingismenn.

Við erum nemendur í 7. og 8.bekk og erum að taka þátt í verkefni Lýðheilsustöðvar, Reyklaus bekkur. Hugmynd okkar er sú að banna innflutning á tóbaki til Íslands. Okkar sýn er að Ísland verði reyklaust land. Við vitum að þetta gæti orðið erfitt, en með ykkar hjálp og vilja ætti þetta að takast.

**Við vitum að ríkið myndi missa mikinn pening en við erum með nokkar lausnir á því:**

- Hækka verð á nikótín plástrum og tyggjóum og auka innflutning á því.
- Lýðheilsustöð getur hætt tóbaksvörnum þar sem flestir hætta að reykja
- Sekt fyrir smygl á tóbaki fer í skatt.
- Sjúkrakostnaður minnkar vegna sjúkdóma af völdum reykinga, en árið 2007 voru Íslendingar 262.922 daga á sjúkrahúsi, og þessum dögum gæti fækkað mikið.
- Við gætum aukið útflutning á:
- **Krækling** - Bláskel er ræktuð við Hrísey og er ein stærsta kræklinga auðlind við strendur Íslands þessa auðlind mætti nýta enn betur
- **Fisk** - Veiða nýjar tegundir sem ekki er verið að nýta í dag og nota húsnæði og búnað sem í ónotuðum frystihúsum um land allt
- **Fuglaskoðun** - Mikið fuglalíf ríkir á Íslandi og gætu margir komið til Íslands vegna þess.
- **Hvönn** - Hvönnina er hægt að finna á mörgum stöðum við Ísland og er hægt að gera heilsuvörur úr henni og losna við hana í leiðini þar sem hún eyðileggur íslenska flóru
- Ísland gæti orðið þekkt fyrir að vera reyklaust land og gæti það aukið ferðamennsku, sérstaklega í heilsugeiranum. Einnig eykur það lífsskilyrði á Íslandi og gætum þannig laðað útlendinga til að búa hér

Árið 2008 voru 56.151 manns á Íslandi sem reyktu ef það færi niður í 0 þá gætu lífslíkur aukist töluvert.

Af hverju var M&M og Skittles bannað á níunda áratugnum en ekki sígarettur sem eru með margfallt hættulegri eiturefnum? Ef hægt var að banna sælgæti ætti þá ekki að vera möguleiki að banna sígarettur?

Ísland yrði miklu snyrtilegra land þar sem væru engir sígarettu stubbar út um allt og gæti líka verið talað um það annarstaðar hversu snyrtilegt það er.

Að þessu sögðu leggjum við til að almennt tóbaksbann verði á Íslandi árið 2015.

Virðingarfullst:

Friðrik Ingimarsson 8.b, Aldís Greta Bergdal 8.b, Reynir Þrastarson 7.b  
Tanja Möller Pétursdóttir 7.b, Árni Kristinsson 7.b

Frekari upplýsingar og útreikningar:

Útreikningar

Íbúafjöldi á Íslandi 2008	325.459
Reyktu daglega 2008.	17,80%
Tóbaksgjald kr	325,13 kr.
Fjöldi pakka á ári miðað við pakka í dag	365
Skattur til ríkis	6.874.897.009,01 kr.

Heimildir:

[www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is)

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Samrit sent

[www.mbl.is](http://www.mbl.is)

[www.visir.is](http://www.visir.is)

[www.pressan.is](http://www.pressan.is)

[www.ruv.is](http://www.ruv.is)

[www.stod2.is](http://www.stod2.is)

[www.dv.is](http://www.dv.is)

[www.lydheilsustod.is/reyklausbekkur](http://www.lydheilsustod.is/reyklausbekkur)